

## Fundargerð háskólaráðs

342. fundur mánudaginn 3. mars 2014

fundaherbergi 402, Borgum, kl. 10 - 12

Rektor Stefán B. Sigurðsson setti fund kl. 10.10.

Mættir voru auk hans:

Finnbogi Jónsson fulltrúi háskólaráðs  
Hafdís Erna Ásbjarnardóttir fulltrúi nemenda  
Hermína Gunnþórsdóttir fulltrúi háskólasamfélagsins  
Hjörleifur Einarsson fulltrúi háskólasamfélagsins  
Kristín Ástgeirsdóttir fulltrúi menntamálaráðherra  
Svanfríður Inga Jónasdóttir fulltrúi háskólaráðs

Aðrir mættir:

Lísa Z. Valdimarsdóttir skjalastjóri (fundarritari)

Gestir:

Ólafur Halldórsson framkvæmdastjóri  
Úlfar Hauksson forstöðumaður  
Stefán Jóhannsson forstöðumaður

---

Rektor kynnti dagskrá.

### 1. Fundargerð, mál til kynningar

Fundargerð 341. fundar var borin fram og samþykkt.

Rektor kynnti stuttlegra nokkur mál:

- Háskóladagurinn, þar sem allir háskólar landsins voru kynntir, var haldinn hátíðlegur laugardaginn 1. mars og heppnaðist hann mjög vel. Allir kynningarbæklingar um nám í HA kláruðust og aðsókn var mjög góð. Háskólinn á Akureyri kynnti sig ásamt öðrum ríkisháskólum í Háskóla Íslands. Rektor leggur til að skólinn verði aftur með kynningu í húsnæði HÍ á næsta ári og þá einnig í húsnæði Háskólans í Reykjavík.
- Brautskráning í júní fer að þessu sinni fram á Sólborg og er starfshópur að störfum að vinna útfærslu á henni. Frumdrög eru komin og líklega verður hægt að kynna

HKA SJ.  
HKA F.A.

hugmyndirnar fyrir háskólaráði í lok mars. Rektor kynnti samþykkt úr gæðaráði um að unnt verði að gefa út brautskráningarskíteini í febrúar og október auk júní. Sjálf brautskráningarathöfnin verður áfram haldin í júní og eru allir nemendur boðaðir þangað. Þetta tekur gildi frá og með haustmisseri 2014.

## 2. Rekstur – uppgjör ársins 2013

*"[málsnúmer]"*

Úlfar Hauksson forstöðumaður og Ólafur Halldórsson framkvæmdastjóri komu á fundinn og skýrðu frá rekstraruppgjöri ársins 2013. Það lítur út fyrir að 23 milljóna króna rekstrarafgangur verði af skólanum á árinu 2013. Uppsafnaður rekstrarhalli frá fyrri árum, það sem eftir er, mun því vera úr sögunni að sögn Úlfars.

EKKI ER ENN HÆGT AÐ SPÁ NÁKVÆMLEGA FYRIR UM ÁRIÐ 2014, EN ÞAÐ SEM AF ER ÁRI ER ALLT SAMKVÆMT ÁÆTLUN. Ólafur sagði að nú væri mikilvægt fyrir skólann að leggja áherslu á það að þau markmið sem skólinn setti sér 2006 varðandi uppsafnaðan rekstrarhalla hafi náðst. Fundarmenn voru sammála um það og nokkur umræða varð um hvernig skólinn gæti nýtt sér þetta, m.a. umræður um nýjar námsleiðir.

## 3. Breyting á skrásetningargjöldum

*1403017*

Rektor kynnti tillögur að breytingum á skrásetningargjöldum þar sem lagt er til að gjaldið hækki úr 60.000 kr. í 75.000 kr. Það var samþykkt með eftifarandi bókun: Háskólaráð samþykkir með vísan til 24. gr. laga nr. 85/2008 að árlegt skráningargjald í Háskólann á Akureyri verði kr. 75.000 frá og með næsta skólaári 2014-2015. Jafnframt samþykkir háskólaráð að taka 15% hærra gjald af þeim sem fá leyfi til skrásetningar utan auglýstra skráningartímabila.

## 4. Úthlutun úr rannsóknasjóði HA

*1403008*

Erna Indriðadóttir nýr formaður stjórnar rannsóknasjóðs HA var boðuð á fundinn, en forfallaðist á síðustu stundu. Rektor kynnti niðurstöður úthlutunar í hennar stað, en samtals var úthlutað 14 milljónum á þessu ári. 23 umsóknir af af 25 hlutu styrk, 48% frá hug- og félagsvíndasviði, 48% frá viðskipta- og raunvíndasviði og 4% frá RHA. Engin umsókn

*H.A. 1403008*

barst frá heilbrigðisvíndasviði. Konur voru í forsvari fyrir 18% styrkja og karlar 82%. Stjórn sjóðsins leggur áherslu á að skerpa þurfi á matinu sem notað er við umsóknir, auk þess sem upplýsa þarf umsækjendur betur um þær kröfur sem gerðar eru til fjárhagsáætlana.

#### 5. Kennslualmanak 2014-2015

*1402088*

Stefán Jóhannsson forstöðumaður kom á fundinn og kynnti kennslualmanak fyrir skólaárið 2014-2015. Sama uppbygging er á því eins og verið hefur, en afhendingu brautskráningarskríteina í febrúar og október, sem samþykkt var í gæðaráði hefur verið bætt við.

Umræða spannst um það tímabil sem nemendur hafa til að staðfesta skráningar í námskeið og var rætt um hvort lengja ætti tímabilið. Samþykkt var að taka þetta upp í gæðaráði.

#### 6. Náms- og kennsluskrá

*"[málsnúmer]"*

Stefán Jóhannsson sagði frá því að náms- og kennsluskrá hafi verið tilbúin fyrir háskóladaginn 1. mars, en lögð var áhersla á það til að hægt væri að opna fyrir umsóknir. Hann sagði einnig að nú hefði náðst að stilla upp yfirliti yfir allar námsleiðir nýnema sem sýnir hvernig nám þeirra er uppbyggt, þ.e. námskrá þeirra. Námskrá er eingöngu birt á vefnum, ekki prentuð út.

#### 7. Umsóknir um stöðu rektors

*1401153*

Rektor sagði frá því að sjö umsóknir um stöðu rektors hefðu borist skólanum. Samþykkt var að upplýsingar um nöfn umsækjenda yrðu birt á vef skólans og send til fjöldiðla eftir fund. Fyrsta verk háskólaráðs í ferlinu er að skipa valnefnd og samþykkt að klára vinnuna á næstu dögum. Nokkur umræða varð um tilnefningar í nefndina og samþykkt að rektor myndi hafa samband við þá fulltrúa sem háskólaráð tilnefnir.

#### 8. Skipun öryggisnefndar

*1402036*

Frestað til næsta fundar.

HGA SS  
HGA K.P.

**9. Skipun í stjórn FÉSTA**

**1305042**

Rektor lagði til að Kristín Ágústsdóttir, markaðs- og kynningarfulltrúi HA yrði skipuð í stjórn FÉSTA og var það samþykkt.

**10. Skipun framgangsnefndar**

**1401029**

Rektor bar fram tillögu að skipun framgangsnefndar 2014-2017 og var hún samþykkt.

Aðalfulltrúar:

Grétar Þór Eyþórsson

Kristinn P. Magnússon, formaður

Kristín Aðalsteinsdóttir

Sigríður Halldórsdóttir

Varamenn:

Steingrímur Jónsson

Rachael Lorna Johnstone

Ársæll Már Arnarson

Hermann Óskarsson

**11. Önnur mál**

- Rætt var um Uglumál og greindi rektor frá því að hann hefði formlega svarað bréfi frá starfsfólk þar sem áhyggjur þess um Ugluna komu fram.  
Rektor sagði einnig frá því að fundur hefði verið haldinn með lykilnotendum Uglunnar og starfsfólk RHÍ þar sem skýrt kom fram að halda samstarfi áfram, en einnig samþykkt að starfsmaður frá RHÍ mun hafa meiri viðveru en verið hefur hér í HA.  
Rætt var um hvort gera þyrfi heildarúttekt á Uglu-ferlinu.
- Rektor tilkynnti að hann muni fara í veikindaleyfi í lok mars og vera frá í 4-6 vikur.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12.15.

*Svanhjörnard.  
Hafdisgrna Asbjarnard.  
Kristin Ástgeirsdóttir  
Hermann Grönforsdóttir*